



Virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi

Á Menntavísindasviði var unnin stefna um virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi fyrir árin 2017–2021. Menntavísindasvið tekur virkan þátt í samfélagi og atvinnulífi með það að markmiði að starf sviðsins hafi víðtæk áhrif. Lögð verður áhersla á að miðla niðurstöðum rannsókna og nýsköpunar með fjölbreyttum hætti, stuðla að almennum skilningi á vísindum og nýta sérfræðipekkingu starfsfólks til að takast á við áskoranir samtímans og í umræðu um brýn samfélagsmál.

Stefnan var unnin af starfspróunarnefnd sviðsins og Önnu Sigríði Ólafsdóttur, forseta Íprótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar og Kristínu Harðardóttur rannsóknarstjóra. Nefndina skipuðu: Atli Harðarson dósent, Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, Lilja M. Jónsdóttir lektor, Vilborg Jóhannsdóttir lektor og Edda Kjartansdóttir fyrrum starfspróunarstjóri. Niðurstöður úr hópavinnu starfsfólks á misserisþingi voru hafðar til hliðsjónar.

MARKMIÐ

Menntavísindasvið sé leiðandi afl í framþróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og samstarfs rannsakenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs

AÐGERÐIR

- Virkt samstarf við stofnanir um þróunarverkefni og rannsóknir
- Aukið samstarf um verkefni og rannsóknir í tengslum við þarfir atvinnulífsins í breiðu samstarfi við fagfélög, ráðuneyti, ríki, sveitarfélög og önnur fræðasvið Háskólans
- Nám á lokaári til starfsréttinda verði í auknum mæli í nánu samstarfi við vettvang
- Áhersla á ævimenntun þeirra stétta sem sviðið menntar
- Virkja útskrifaða nemendur til samstarfs og samræðna um mikilvægi starfs þeirra og þarfir samfélagsins



Margvísleg vísindamiðlun nýtt til að örva áhuga og þekkingu á vísindum, stuðla að hagnýtingu þeirra og efna til fjölbreytts vísindasamstarfs

- Rannsakendur tengist vettvangi með aukinni fræðslu og samræðum
- Fjölbreytni í vísindamiðlun sviðsins fái aukið vægi
- Áhersla á að styrkja rannsóknatengt þróunarstarf
- Draga fram áhrifamátt samstarfs fræðasviðs og vettvangs

Fjölbreyttum aðferðum beitt til að sérfræðiþekking Háskólans nýtist við ákvarðanir sem varða stefnumörkun, samkeppnishæfni og farsæld samfélagsins

- Sviðið verði virkur þátttakandi í mikilvægum málaflokkum eða viðburðum sem tengjast fræðasviðinu
- Fulltrúar frá sviðinu eigi aðild að stefnumótun
- Áhersla á að miðla þeirri nýsköpun sem verður til á sviðinu sem víðast

Frjótt og gagnkvæmt samstarf og samræða við fyrri skólastig

- Virk miðlun til annarra skólastiga á því starfi sem unnið er við sviðið
 - Efla kynningarstarf og samstarf við fyrri skólastig þannig að nemendur hafi áhuga á að hefja nám við sviðið
 - Koma á markvissara samráði við námsráðgjafa í framhaldsskólum
-